

Umsögn Vegagerðarinnar um drög að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu

[Subject]



Vegagerðin hefur farið yfir drög að reglugerð um leiðbeiningar og viðmið um sjálfbæra landnýtingu sem kynnt var í samráðsgátt 24.09.2021. Vegagerðin gerir athugasemdir við eftirfarandi greinar:

1. 7. Grein, viðmið vegna jarðræktar/akuryrkju

Vegagerðin telur að skýrt þurfi að vera að ákvæði þessarar greinar snúi einungis að jarðrækt/akuryrkju og þá sérstaklega tímabil jarðvinnslu í lið h. Ef þessi tímamörk skulu halda fyrir innviðaframkvæmdir á ræktuðu landi þarf að skoða tímabilið m.t.t. annarra takmarkana sem eru á framkvæmdartíma, t.d. vegna varps fugla og vinnu við veiðivötn sbrlög nr. 61/2006.

Síða 1/1

2. 8. Grein, viðmið vegna framkvæmda

Vegagerðin fagnar þessari grein enda styrkir hún það starf og verkferla sem unnið er eftir innan Vegagerðarinnar.

3. 9. Grein, viðmið vegna umferðar fólks og ökutækja

Vegagerðin telur óskýrt hvort vegakerfið falli hér undir eða hvort aðeins sé um að ræða ferðamanna- og áningarstaði. Skýra þyrfti þá líka hvernig stofnvegir á hálendi falla undir þau viðmið sem lögð eru fram í 9. gr. og þá sérstaklega liðir a, d, g, h og i. Vegagerðin telur ákveðið ósamræmi milli 9. gr. og viðauka IV þar sem skv. 10. gr. nær hún yfir alla umferð fólks og ökutækja en viðauki IV virðist sniðinn að ferðamanna- og áningastöðum. Þetta þarf að vera skirt til að hægt sé að meta hvaða áhrif þetta hefur á viðhald og þróun vegakerfisins um allt land, bæði í byggð og á hálendi.

4. Viðauki IV

Vegagerðin telur að skýra þurfi frekar hvaða innviðir falla undir reglugerðina, t.d. hvort hún nái yfir vegi fyrir vélknúna umferð. Vegagerðin telur vegi til og frá ferðamannastöðum og áfangastöðum vera samþætt inn í þegar þessir staðir eru skipulagðir. Vegagerðin bendir á að eitt besta tækið til stýringar umferðar er vel skilgreindur rammi utanum vegmerkingar, þ.e.a.s. hvaða ferðamannastaðir fá vegvísun. Haldast þurfa í hendur ferðamannastaðir með uppbyggðum innviðum í takt við tilbærar vegvísanir og að þeir innviðir sem bera þungann af ferðum fólks séu tilbúnir að takast á við þá umferð sem um þá fer.